

86. fundur stjórnar Fræðslunets Suðurlands
haldinn 17.03.10 í Iðu, kl. 16.30

Mætt: Anna Fríða Bjarnadóttir, Guðfinna Ólafsdóttir, Magðalena Jónsdóttir og Gylfi Þorkelsson formaður, sem ritaði fundargerð. Auk þeirra sat fundinn Ásmundur Sverrir Pálsson, framkvæmdastjóri. Gunnar Bragi Þorsteinsson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2009

Framkvæmdastjóri kynnti. Rekstrartekjur eru um 8 milljónum hærri en gert var ráð fyrir í áætlun ársins 2009, en þó um 4 milljónum lægri en skv. ársreikningi 2008. Rekstrarkostnaður er rúmum 7 milljónum hærri en gert hafði verið ráð fyrir í áætlun og 3 milljónum hærri en skv. ársreikningi ársins 2008. Rekstrarhagnaður án fjármagnsliða er 6,1 milljón sem er nánast það sama og áætlað hafði verið, en helmingi lægra en árið 2008. Með fjármagnsliðum er rekstrarniðurstaða ársins 2009 krónur 9.343.904. Handbært fé í árslok 2009 er 40.476.406 og hefur hækkað um rúmar 8 milljónir frá fyrra ári. Stjórn þakkar ítarlegar útlistanir á reikningnum og fagnar rekstrarniðurstöðunni.

2. Ársskýrsla 2009

Framkvæmdastjóri kynnti drög að ársskýrslu. Drögin eru ítarleg og lýsa fjölbættri og yfirgripsmikilli starfsemi Fræðslunetsins. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga frá ársskýrslu 2009 á grunni kynntra draga, og þakkar framkvæmdastjóra og öðru starfsfólki FnS fyrir gjöfult og gott starf árið 2009.

3. Rekstraráætlun 2010

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að rekstraráætlun ársins 2010. Gert er ráð fyrir hækkun tekna um 4 milljónir, hækkun gjalda um 4,3 milljónir og hagnaði upp á tæpar 6 milljónir, sem er nánast sama talan og í ársreikningi 2009. Stjórn samþykkir tillöguna.

4. Vorönn 2010

Framkvæmdastjóri kynnti. Önnin hefur farið vel af stað og horfur eru góðar. Mörg námskeið eru í gangi allvíða um héraðið. M.a. er farið af stað námskeið í samstarfi við Starfsendurhæfingu Suðurlands og verður framhald á því í haust.

5. Önnur mál

- a) Erindi frá Háskólafélagi Suðurlands.
Félagið óskar eftir því að gerast aðili að Vísinda- og rannsóknasjóði FnS. með formlegum hætti. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna tillögur að breytingum á skipulagsskrá sjóðsins í samstarfi við háskólafélagið og leggja fyrir næsta stjórnarfund.
- b) Rætt var um endurmenntun starfsmanna.

Fundi slitið kl. 18.20